

# VEIÐIMÁLASTOFNUNIN.

Þórir Dan Jónsson.

SEIÐARANNSÓKNIR Í LAXÁ Í DÖLUM.

Vesturlandsdeild

1984.

Veiðimálastofnun.

Eintak bókasafns.

## Seiðarannsóknir í Laxá í Döllum.

### Inngangur.

Síðan 1979 hafa farið fram árlegar seiðarannsóknir í Laxá í Döllum. Megintilgangur þessara rannsókna hefur verið sá að fylgjast með breytingum sem kunna að verða á árgangastyrk seiða, og reyna að tengja það við laxagengd síðar meir. Ennfremur hefur verið fylgst með afkomu seiða sem sleppt hefur verið á ófiskgenga hluta Laxár. Eftirfarandi tafla sýnir fjölda seiða ("sumarseiða") sem sleppt hefur verið síðan 1980.

Tafla 1. Smáseiðasleppingar á ófiskgenga hluta Laxár.

Ár	Sleppistaður	Fjöldi sleppiseiða.
1980	Laxárvatn	5000 stk.
	Laxárvatn	18.000 stk.
1981	Hólmavatn	2000 stk.
	Nesjavatn	4000 stk.
	Skeggjagilsá	?
1982	Laxárvatn	10.000 stk.
1983	?	?

Rannsóknir á afkomu sleppiseiðanna hafa verið framkvæmdar með rafveiðum á ófiskgengum svæðum Laxár, þ.e. í Laxá og Skeggjagilsá og net hafa verið lögð í Laxárvatn, Hólmavatn og Nesjavatn. Ennfremur var gönguseiðagilda sett niður við útfall Laxárvatns árið 1982 en 1983 var hún flutt niður að brúnni að Sólheimatungu. Umsjón með gildrunni hafði Ingvi Eyjólfsson bæði árin. Hreistur af fullorðnum laxi hefur verið skoðað til að kanna hvort hægt væri að aðgreina lax úr sleppingum í Laxá frá náttúrulega klöktum laxi, og komast þannig að endurheimtum sleppiseiðanna.

## Niðurstöður.

a) Rafveiðar á fiskgenga hlutanum.

Síðan 1979 hefur árlega, (nema 1980) verið rafveitt á fiskgengum hlutum Laxár, þ.e. ca. 200 - 300 m fyrir neðan Sólheimafoss, og neðst í Laxá, þ.e. rétt fyrir ofan brú á Þjóðvegi. Annars hefur verið rafveitt í ánni eftir því sem ástæða hefur þótt til.

Skilyrði til rafveiðanna hafa verið mjög misjöfn þessi ár, en veiðni er í öfugu hlutfalli við vatnsmagnið í ánni. Sömuleiðis hefur stærð rafveiðisvæðanna verið mjög misjöfn á milli ára. Allur samanburður milli ára á fjölda veiddra seiða á hverjum rafveiðistað er því óraunhæfur.

Megináhersla er lögð á að kanna vöxt seiðanna ásamt hlutfallslegum árgangastyrkleika.

Niðurstöður rafveiða frá 1979 er að finna í skýrslu undirritaðs frá ágúst 1979, "Athugun á Laxá í Dölum í júní og ágúst 1979".

Niðurstöður rafveiða á árunum 1980 - 1983 eru sýndar á myndum 1 - 4, en þar er lengdar- og aldursdreifing laxaseiða á hverjum rafveiðistað sýnd.

Árið 1980 var rafveitt á tveimur stöðum þ.e. f.n. Sámsstaði og f.n. Sólheimafoss (sjá mynd 1). Efst á fiskgenga hlutanum þ.e. f.n. Sólheimafoss vantaði 1979 árganginn (eins árs gömul seiði (1<sup>+</sup>)), en 1978 árgangurinn virtist vera vel sterkur. Neðar í ánni (fyrir neðan Sámsstaði) er 1978 árgangurinn áberandi sterkastur, en eilítið bar þó á 1979 árganginum. Þar sem rafveitt var samanstóð árbotninn að mestu leiti af grús, en slíkur botn hentar ekki stórum seiðum. Því er ekkert óeðlilegt þó lítið veiðist af stærri seiðum (þriggja ára og eldri) fyrir neðan Sámsstaði.

Árið 1981 var rafveitt á fjórum stöðum á fiskgenga hlutanum, en einnig var rafveitt í Laxá f.n. Sólheimafoss og í Skeggjagilsá til að leita að vörgömlum laxaseiðum úr hrygningu frá haustinu áður, en lax hafði þá verið borin upp fyrir Sólheimafoss. Ennfremur voru net lögð í Laxárdalsvatn til að kanna vöxt laxaseiða sem sleppt hafði verið í vatnið sumarið 1980.

Niðurstöður rafveiðanna eru sýndar á mynd 2. Í Skeggjagilsá veiddust engin vorgömul laxaseiði, en í Laxá ofan Sólheimafoss veiddust vorgömul seiði sem við nánari rannsókn reyndust vera urriðaseiði. Í ljósi niðurstaðna verður tilraunin með að bera lax uppfyrir Sólheimafoss haustið 1980 að teljast misheppnuð.

Rafveiðarnar á fiskgengum hluta Laxár staðfesta það sem kom fram í rafveiðunum 1980, þ.e. að 1979 árgangurinn (2 ára) var veikur var mest áberandi er hann neðst í ánni (þ.e. ofan við brú á Þjóðvegi), en þar er áin jafnframt hlýjust. Hefur verið getið til um ástæður þessa í bráðabirgðarskýrslu (Athugun á Laxá í Dölum 1981) eftir Tuma Tómasson og Þóri Dan Jónsson.

Einhver hluti 1978 árgangsins (þá þriggja ára gömul seiði) hefur verið gengin til sjávar og er því ekki hægt að fullyrða neitt um hlutfallslegan styrkleika hans úr því. 1980 árgangurinn (eins árs gömul seiði) var sterkur.

Í rafveiðunum 1982 (sjá mynd 3) er 1980 árgangurinn hlutfallslega áberandi sterkastur, en 1981 árgangurinn (þ.e. eins árs gömul seiði) er veikur. Ofarlega í ánni veiðist t.d. ekkert seiði úr þeim árgangi en neðarlega í ánni örlar á seiðum úr þeim árgangi. 1979 árgangurinn (þriggja ára gömul seiði) virtist áfram veikur, en einhver hluti hans hefur verið gengin niður til sjávar. T.d. sýna hreisturslesningar (sjá síðar) að þó nokkuð af laxi sem veiddist sumarið 1983 er úr 1979 árganginum (þrjú ár í fersku vatni + eitt ár í sjó).

Í rafveiðum 1983 (sjá mynd 4) var 1980 árgangurinn enn sem fyrr áberandi sterkastur efst í ánni (þ.e.f.n Sólheimafoss) en neðar í ánni bar hins vegar nokkuð mikið á 1981 og 1982 árganginum sérstaklega neðst í ánni.

Líklega hefur einhver hluti seiðanna úr 1980 árganginum verið farinn til sjávar og eiga því að skila sér sem smálax í ár, en stórlax ca. (7-12 pund) 1985. Þau seiði úr 1980 árganginum sem ekki náðu sjógöngustærð 1983 eiga að skila sér sem smálax 1985 og stórlax árið 1986.

Eins og getið var um í innganginum var sumarseiðum sleppt í Laxárvatn árin 1980 - 1983 og í Nesjavatn, Hólmavatn og í Skeggjagil árið 1981.

Árin 1981 og 1983 voru lögð net í Laxárvatn, en árið 1982 var gönguseiðagildru komið fyrir í útfallinu. Árið 1983 var gildran færð niður fyrir brúna að Sólheimatungu.

Í Nesjavatni voru lögð net árið 1982 og í Hólmavatn 1983.

Í Skeggjagilsá var rafveitt 1982 og 1983. Verður nú getið helstu niðurstaðna úr veiðunum. Neðri hluti myndar 5 sýnir lengdar og aldursdreifingu veiddra seiða.

#### a) Laxárvatn.

Í Laxárvatni lifir urriði og hornsíli. Af niðurstöðum aldursgreininga á urriða sýnist Laxárvatn vera þéttsetið urriða, sem vex sæmilega vel og er góður til átu.

Í netaveiðunum 1981 veiddust 11 laxaseiði úr sleppingunni árið áður. Lengdardreifing þeirra er sýnd á myndum 2 og 5. Sjö seiði voru í sjógöngubúningi. Þann 28. júní 1982 var gönguseiðagildru komið fyrir í ós Laxárvatns. Næsta morgun voru tvö seiði, 15,5 cm. og 17,7 cm löng í gildrunni (sjá mynd 3 og 1). Bæði seiðin voru tveggja ára gömul. Eflaust hafa gönguseiði verið byrjuð að ganga niður til sjávar áður en gildran var sett niður.

Samkvæmt upplýsingum Ingva Eyjólfssonar bónda í Sólheimatungu, en hann hafði umsjón með gildrunni, veiddust alls 63 laxaseiði í gildruna, en hún var tekin upp 10. ágúst. Höfðu þá laxaseiði verið að ganga niður allt sumarið fram til 5. ágúst. Af þessum 63 laxaseiðum voru laxaseiði merkt með því að klippa vinstri kviðugga. Skýrslan hér á eftir sýnir veiði í gildruna.

Stundum var gildran óvirk vegna flóða eða þá að hún stíflaðist. Vegna fjarlægðar gildrunnar frá vegi var ákveðið að færa gildruna niður fyrir brú að Sólheimatungu sumarið 1983, enda hafði gildran sýnt að laxaseiðin sem veiddust voru komin úr vatninu en ekki seiði sem hrakist höfðu niður í Laxá strax eftir sleppingu þeirra og alið þar aldur sinn þar til þau ganga til sjávar.

Staðsetning gildrunnar var hins vegar óheppileg og var hún oft óvirk það sumar, m.a. vegna mikils vatns í ánni.

Net voru lögð í Laxárvatn 1983, og veiddust þá eins árs gömul seiði, öll í sjógöngubúning (sjá mynd 4 og 5).

Af þessum veiðum má vera ljóst að seiði sem sleppt er í Laxárvatn vaxa ótrúlega vel. Sum ná sjógöngubroska strax ári eftir sleppingu, en þau sem bíða enn eitt ár í vatninu eru mjög stór (15 - 18 cm) þegar þau halda til sjávar.

Vonir stóðu til að með gildrunni reyndist unnt að telja öll gönguseiði sem til sjávar gengu og fá þannig vitneskju um lífslíkur seiða sem sleppt er í vatn. Enn sem komið er hefur þetta ekki tekist.

#### Nesjavatn.

Árið 1982 voru lögð 5 net með mismunandi möskvastærðum (12mm, 19mm, 21mm, 26mm, 35mm á legg) í Nesjavatn. Lágu þau í tvær nætur. Fjórir urriðar veiddust en ekkert laxaseiði.

#### Hólmavatn.

Í Hólmavatn voru lögð net (möskvastærð, 12mm, 29mm og 45mm á legg) árið 1983. 27 bleikjur, 7 urriðar og 1 laxaseiði veiddust. Enn hafa silungasýnin ekki verið fullunnin og verða niðurstöður um silungin því ekki birtar að sinni.

Laxaseiðið sem veiddist var 12,8 cm stórt og í sjógöngubúningi. Þar sem aðeins eitt seiði veiddist er vart hægt að álykta neitt út frá því, nema að seiðið óx vel og er því ekki ólíklegt að sistkyni þess hafi mörg verið farin til sjávar, ýmist eins eða tveggja ára gömul.

#### Skeggjagilsá.

Árin 1982 og 1983 var rafveitt í Skeggjagili rétt ofan við brú, en 1981 hafði sumarseiðum verið sleppt í ána.

Lengdardreifing seiðanna er sýnd á myndum 3, 4, og 5.

Af niðurstöðum rafveiðanna er ljóst að seiðin vaxa alls ekki jafn vel og þau sem sleppt er í vötnin. Seiðin ná flest sjógöngustærð þriggja ára gömul. Rétt þykir þó að taka fram að 1981 var seiðunum sleppt seint og í Skeggjagilsá hafa seiðin vart náð að vaxa nokkuð að ráði sumarið sem þeim var sleppt. Hugsanlega gætu "sumarseiði" náð sjógöngustærð í Skeggjagilsá tveggja vetra gömul ef þeim er sleppt snemma sumars.

Af töflunni hér að neðan sést að meðallengdir eins árs gamalla laxaseiða í Skeggjagilsá var 5,36cm, en það er u.þ.b. mitt á milli meðallengda eins og tveggja ára gamalla laxaseiða í ánni, þ.e. 4,26 og 6,49 cm. Að ári liðnu eru meðallengdir tveggja og þriggja veturra gamalla seiða í Laxá 6,91 og 8,52cm, en í Skeggjagilsá eru seiðin orðin jafn stór þriggja vetra gömlu seiðunum í Laxá (8,48 cm).

Tafla. Meðallengdir laxaseiða sem veidd voru í rafveiðum árið 1982 og 1983 á fiskgengum hlutum Laxár og í Skeggjagilsá (ófiskgeng).

Ár	aldur seiða í vetrum	fjöldi seiða	meðal.	staður.
1982	1	5	<u>4,26</u>	Laxá.
	2	55	6,44	"
	3	1	8,2	"
	1	11	<u>5,36</u>	Skeggja- gilsá.
1983	2	46	<u>6,91</u>	Laxá.
	3	25	<u>8,51</u>	"
	2	5	<u>8,48</u>	Skeggja gilsá.

Af niðurstöðum sést að seiði sem sleppt er í Skeggjagilsá vaxa betur en seiði sem lifa á fiskgengum hlutum Laxár.

Niðurstöður hreisturslesninga af laxi veiddum 1983.

Alls bárust 79 hreisturssýni. Þar af voru 4 sýni ólæsileg. Taflan hér að neðan sýnir niðurstöður hreisturslesningana.

Tafla. Niðurstöður aldursgreininga á hreistri af 75 löxum veiddum 1983.

Aldur í f.v./sjó	1. vetur		2. vetur	
	hængar	hrygnur	hængar	hrygnur
1. vetur	6	2	1	
2. vetur	3	2		
3. vetur	8	4		4
4. vetur	13	21	1	6
5. vetur	2			2
Samtals.	32	29	2	12

Lax sem hefur dvalist eitt og tvö ár í fersku vatni (f.v.) er úr seiðasleppingum árin 1980 og 1981. Með prósentureikningi er hægt að reikna út að af samtals 947 löxum sem veiddust 1983 séu hugsanlega u.þ.b. 100 laxar úr sleppingunni 1981 og 75 laxar úr sleppingunni 1980.

Ályktanir.

Fiskgengur hluti. Mynd 5 sýnir lengdar- og aldursdreifingu allra veiddra seiða árin 1979-1983. Eins og getið hefur verið um hér á undan er erfitt að bera saman hlutfallslega árgangastyrki milli ára út frá myndinni, því aðstæður til rafveiða hafa verið ólíkar milli ára. Sömuleiðis hefur verið veitt á mismunandi stöðum hin einstöku ár (botngerðin ræður miklu um lengdardreifingu seiða á hverjum stað, þ.e. fingerð mól => smá seiði og grófur botn => stór seiði).



Til að auðvelda samanburð á árgangastyrkjum sýnir mynd 6 lengdar og aldursdreifingu laxaseiða frá tveimur stöðum í ánni, öðrum neðarlega í ánni (þ.e. fyrir ofan brú á Þjóðvegi), en hinum ofarlega í ánni (þ.e. 200 - 300 metrum f.n. Sólheimafoss). Báðir staðirnir hafa botngerð sem hentar seiðum af öllum stærðum. Oftast var rafveitt það snemma sumars að vorgömul seiði voru vart komin upp úr mölinni.

Út frá mynd 6 hefur hlutfallslegur styrkur hvers árgangs innan þessara tveggja rafveiðistaða verið fundin út og sýnir mynd 7 það. Af myndum 6 og 7 má sjá að hlutfallslegur styrkur árganganna er mjög misjafn á efri og neðri hluta Laxár. Oft eru þriggja ára gömul seiði fá á neðri hluta Laxár en mörg í efri hlutanum. Líkleg skýring er sú að mörg þriggja ára seiði á neðri hluta Laxár hafi verið farin til sjávar þegar rafveitt var, enda hlýnar áin fyrst þar. Á efri hlutanum er líklegt að nokkur hluti þeirra seiða sem "ætla" að halda til sjávar það árið hafi enn ekki verið farin þegar rafveitt var, enda veiddust seiði sem voru að komast í sjógöngubúning á efri hluta Laxár árin 1980 og 1981. Þessari tilgátu til stuðnings er enn fremur sú staðreind að á neðri hluta Laxár veiddist ekkert seiði stærri en 10 cm (nema 1983) en á efri hluta Laxár veiddust árin 1979, 1980 og '81 seiði sem voru stærri en 10 cm. (seiði sem náð hafa 10cm stærð að hausti halda yfirleitt til sjávar næsta vor eða sumar).

Jafnframt því að seiðaárgangarnir eru mismunandi sterkir á efri og neðri hluta Laxár, eru þeir mismunandi sterkir milli ára. Orsök mismunandi styrkleika árganga má rekja til veðurfars það árið sem seiðin klekjast úr hrogni. Ef vorið/og eða sumarið er kalt, klekjast seiði seint úr hrogni og mörg seiði ná ekki að safna nægri forðanæringu fyrir komandi vetur. Víða í hinum kaldari ám á Vestfjörðum, vestur-, norður- og austurlandi eru seiðaárgangar frá árunum 1979, 1981 og jafnvel 1982 ýmist veikir eða þá vantar alveg. Á efri hluta Laxár eru þessir sömu árgangar allveikir eða þá vantar nánast alveg, en á neðri hlutanum ber eitthvað á þeim. 1980 árgangurinn er sterkur, bæði á efri og neðri hluta Laxár.

Laxagengd er að sjálfsögðu í þó nokkrum mæli háð fjölda þeirra gönguseiða sem héldu til sjávar árið áður (smálax) og tveimur árum áður (stórlax). Skilyrði í sjónum skipta þó einnig töluverðu máli (eins og virðist vera að koma í ljós núna í sumar (1984) en sjórin var mjög kaldur 1983 þegar seiðin héldu til sjávar).

Sé miðað við "eðlileg" skilyrði í sjónum ætti laxagengdin að vera háð því hversu sterkir árgangarnir voru sem héldu til sjávar árið áður og tveimur árum síðar.

Mér þykir líklegt að í framtíðinni megi finna sambandið milli styrkleika seiðaárgangs og laxgengdar undan þeim árgangi, eingöngu með því að rafveiða á tveimur stöðum í Laxá, þ.e. á efri og neðri hluta Laxár.

#### Öfiskgengur hluti Laxár.

Af niðurstöðum hreisturslesninga og sömuleiðis raf- og netaveiðum sýnist vera um þó nokkurn árangur að ræða af sleppingum seiða í vötnin og e.t.v. Skeggjagilsá.


Legg ég því til að áfram verði haldið að sleppa seiðum í Laxárvatn og Hólmavatn, en þar virðist árangurinn vera bestur.

Mynd 1.


LENGDAR- OG ALDURSDREIFING LAXASEIÐA Í LAXÁ  
Í DÖLUM 23/6 1980

RAFVEIÐI STAÐUR

FYRIR NEÐAN SAMSTADI



FYRIR NEÐAN  
SOLHEIMAFOS



1<sup>+</sup> = EINS JETUR GÖMUL SEIÐI

2<sup>+</sup> = TVEGGJA JETRA GÖMUL SEIÐI

O. S. FRV.


Mynd 2.

LENGÐAR- OG ALDURSDREIFING LAXASEIÐA Í  
LAXÁ Í DÖLUM 21-22/7 1981


RAFVEIÐISTADIR

Fjöldi  
SEIÐA.


75 m. FYRIR OFAN VÍÐ  
BRÚ Á ÞÖÐVEGI.




FYRIR NEDAN LAMBASTADIR



UNDAN LAMBÆYRUM



100-200 m FYRIR  
NEDAN SÓLHEIMAROSS




LENGD Í CM.

Fjöldi SEIÐA

NET.

LAXÁR DALSVIÐIN



1+ (SUMARALIN SLEPPISEIÐI)



LENGD Í CM.


MYND 3.

LAXÁ Í DÖLUM: LENGDAR- OG ALDURSDEIÐING LAXASEIÐA  
VEIÐA 28-29/6 og 2/7 1982.




1+ (SLEPPISEIÐI) FISKBENGUR HLUTI

SKESSJABÍLSÁ  
F.O. BRÚ




Mynd 4.

LAXA Í DÓLUM: LENDAR- OG ALDURSDREIFING VEIÐRA LAXASEIÐA. 22-23/7 1983




MYND 5. HENGÐAR-OG ALDURSDEIÐING VEIÐRA LAXASEIÐA  
ÁRIN 1979-1983.



MYND 6. LENGDAR-OG ALDURSDEIÐING RAFVEIÐRA

SEIÐA Í NEÐRI HLUTA LAXÁR (FYRIR OFAN BRÚ Á ÞJÓÐVEGI) OG Í EFRI HLUTANUM (CA. 200 M. FYRIR NEÐAN SÓLHEIMAROSS FOS).






# MYND 7. HLUTFALLSLEGUR STYRKUR ÁRGANGA Á

## TVEIMUR RAFVEIÐI STÖÐUM, Í LAXÁ

HLUTFALLSLEGUR STYRKUR SEIÐA Í % ANNAR Á EFRI HLUTA LAXÁR (FYRIR NEÐAN SÓLHEIÐAFOSS) EN HINN Á NEÐRI HLUTA LAXAR (FYRIR OFAN BRÚ Á ÞJÖÐVEGI).




LAXA Í DÖLUM  
1979

L=10.6

3 VETUR

2 VETUR

1 VETUR



MYND H-1


HREISTURMYNOIR AF 3. VETRA BÓMLU  
LAXASEIÐI, 10.6 cm STÖRU, VEIDDU 27/6 1979.  
VETRAHRINGIR ERO MERKTIR INN Á MYNDINA.

LAXARVATN 27/7 1981

NO 3

L = 11.0

EKKI GS.



MYND H-2

HREISTUR AF  
LAXASEIÐI, VEIDDU  
Í LAXARVATNI ÞANN  
27/7 1981. SEIÐIÐ  
VAR 11.0 CM. STÓRT, EN EKKI  
Í SJÓBÖNGUBÍNINGI. TAKIÐ  
EFTIR MÚN ÞEIM SEM ER Á  
HREISTURMUNASTRI ÞESSA SEIÐIS  
SAMANBORIÐ VIÐ HREISTURMUNSTUR SEIÐIÐ  
NÁTTURLEGA FREDAS SEIÐIS. SJÁ MYND H-1.



LAX'AR DALSJATN  
28/6 1982 NO

L = 17.7 cm

í sjögöngubrunni  
á niðurlad  
(veiddur í gyllnu  
við önnu)

2 VETUR

1 VETUR

~~FALSKT~~  
FALSKT VETRARMARK



Mynd H-3

TVEIMUR 'ARUM  
ERTIR SLEPPA  
P.Á. 1980. ER  
SEIBIÐ ORÐIÐ  
17.7 CM STÓTT.

2. VETUR ER Á  
SERKENNILEGUM SPAD  
306 AUKKENNIR SEIBIÐ VEL  
FRÁ NATTÚRLEGA KLÓRTUM LAXN



MYND. H-4

TVEGGJA IETRA  
GAMMALT LAXASÍÐI  
ÚR SLEPPINGU Í  
LAXARVATN.  
17.0 CM. STÓR.




LAXARVATN  
2/7 1982  
NO 3

FALVETUR  
VETUR

2 VE





JETUR

FALSKT RETTARMEN

MYND 4-5

HREISTUR AF LAXI VEIDDOM  
I LAXA I DÖLUM 1982

LAXINN ER ÚR SEIDASLEPPINGU

I LAXARVATNI BRÍÐ 1980

HANN HEFUR DVALIÐ ÞITT ÁR Í JATNINU  
OG ÞITT ÁR Í SJÁ.

HREISTUR MYNSTRINU SVIPAR TIL  
HREISLA ÞESS A MYND 4-2

LAXA I DÖLUM

NO 1

82

MYND H-6 / SAME TEXT '06

A MYNDS

XUETVR

FAUSKOR YETUP



Lalá, Dókur  
NO 2, '82

5th

MYND H-7, HREISTUR AF LAXI  
VEIDDUM, LAXÁ, DÖLUM 1982.

LAXINN ER ÚR NATTÚRÓLEGO KLAKI. ~~5. JETUR~~  
HANN MÉRUR DVALD 5 JETUR, FERSKVATNI, OG EITT  
ÁR Í SJÓ. BERIÐ SAMAN VIÐ MYNDIRNAR Á UNGAN.



Skýrsla frá Ingva Eyjólfssyni

TALIN LAXASEIÐI Í LAXÁRVATNI SUMARIÐ 82.

	Laxas.óm.	Laxas.merkt	Misf.	Laxas.alls
30. júní	4			4
2. júlí	1	3	1	5
3.og 4. enginn urriði				0
6.j.hálf st.tunna	15			15
7.		4		4
8. rignt yfirfullt				0
9.		3		3
10.		2		2
11.		3		3
13. Þ.D.J. kom og skoð. 2				2
14. og 15. ekkert				0
16.		2		2
17. og 18. ekkert				0
19.-21. Ekki farið				0
22. Stýfluð t.ekkert				0
24.	1	5		6
25.		3		3
26.	1			1
27. ekkert				0
28.	3			3
29.		4		4
30.og 31. bara urriði				0
1. ágúst		2		2
2.og 3. ekkert				0
4.		3		3
5.		1		1
6.10.. bara urriði				0
Alls	27	35	1	63